



Fundargerð fræðslunefndar

Miðvikudaginn 19. janúar 2011, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Elín Rafnsdóttir, Björn Hallbjörnsson, Signý Richter og Magnús B. Jónsson.

Pórunn Bernósdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir og Sesselja Guðmundsdóttir voru á fundinum undir dagskrárlíð 1 og Hildur Ingólfssdóttir, Erna Hreinsdóttir og Björk Sveinsdóttir voru á fundinum undir dagskrárlíð 2.

Birna Sveinsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Kl. 16.00

1. Leikskólinn Barnaból.

a. Fjárhagsáætlun 2011

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun leikskólans sem leikskólastjóri kynnti.

Umræður urðu um bæði heildartölur og einstakar rekstarþætti leikskólans.

Rekstrartekjur leikskólans eru áætlaðar 12,9 milljónir og rekstrargjöld 45.8 milljónir. Áætluð rekstrarniðurstaða er því 32.9 milljónir.

b. Málefni leikskólans almennt

- Leikskólastjóri greindi frá því að fyrirspurn hafi borist um hvort hægt sé að hafa sumarlokun leikskólans með breytilegum hætti þannig að hann komi ekki á sama tíma sumars ár hvert.
Ákveðið að kanna áhuga foreldra fyrir slíkri breytingu.
- Skólastjóri greindi einnig frá fyrirspurn um breytingu á dvalartíma sem væri hafður meira sveigjanlegur þannig að hægt sé að láta börn mæta í dvöl á mismunandi tímum.
Ákveðið að skoða hvaða áhrif slík breyting hefði á leikskólastarfið sérstaklega starfsmannahald.
- Fram kom að óskað hafi verið eftir að þeir foreldrar sem eiga erfitt með að sækja börn sín kl 16 eigi möguleika á að greiða aukagjald fyrir 15 mín. framlengingu á dvalartímanum.
Ákveðið að kanna áhuga á þessu tilboði og skilgreina það nánar.
- Leikskólastjóri greindi frá starfi iðjupjálfa sem hefur komið inn í starf leikskólans í gegnum Félags- og skólaþjónustu A-Hún.



FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

- Nokkur önnur mál voru rædd sem varða starf leikskólans m.a. að leikskólastjóri óskar eindregið eftir einum starfsdegi í viðbót en þeir eru nú þrjú yfir árið.

Kl 17.00

2. Grunnskólinn

a. Fjárhagsáætlun 2011

Hildur skólastjóri fór yfir helstu rekstrarliði í fjárhagsáætlun fyrir grunnskólann.

Umræður urðu um bæði heildartölur og einstaka rekstrarþætti .

Rekstrartekjur grunnskólans eru áætlaðar 19,1 milljón króna og rekstargjöld 113,8 milljónir. Áætluð rekstrarniðurstaða er 94,7 milljónir.

Heildarrekstrarniðurstaða fræðslumála er áætluð 147,3 milljónir króna.

b. Málefni grunnskólans almennt

Skólastjóri ræddi ýmis mál sem varða skólastarfið bæði innra starf og ýmislegt sem varðar rekstur og húsnæði skólans.

Mikil umræða varð um hvort og við hvaða veðuraðstæður ætti að loka skóla vegna óveðurs.

Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali 2011-2012 til kynningar.

Einnig var lagt fyrri fundinn samantekt um niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7., og 10. bekk á árunum 2000 – 2010 til kynningar. Í samantektinni eru bornar saman niðurstöður samræmdra prófa í Höfðaskóla og á landsvísu.

c. Trúnaðarmál

Trúnaðarmál færð í trúnaðarbók

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.50

Birna Sveinsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Björn Hallbjörnsson,

Magnús B. Jónsson.

Aðalheiður Árnadóttir,

Elín Rafnsdóttir,

Signý Richter